

Daðastöðum 26. Desember 2018

Til umhverfisstofunar

Kæra vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Samherja fiskeldi í Öxarfirði.

Enn eitt bréfið vegna fiskeldis.

Formáli.

Ég hef nokkrum sinnum undanfarin 50 á fylgst með umferð í og umhverfis London. Ég fæ þá tilfinningu að borgin sé dálítið í ætt við skemmtigarð þar sem leiktækin og fólkið snúast sífelld hraðar og hraðar. Hlýtur ekki hringekjan að tæstast í sundur fyrir en seinna?

Það kostar sitt að auka sífelld hraðan.

Það berast stöðugt fréttir utan úr heimi að athafnasemi mannsins er að ganga á auðlindir og minnka stöðugt svæði sem vilt dýr hafa til umráða, sérstaklega í hitabeltinu. Það er gengið hratt á skóga Amazon. Brasilíumenn flytja út trén og beita síðan nautgripum nokkur ár á það sem tekur við af trjánum. Sá gróður endist oft ekki lengi og þá þarf að höggva meira af trjám til að fá meira land fyrir nautgripi. Argentínurmenn hreinsa skóg fyrir sojabaunir sem gefnar eru kjúklingum og svínunum, til dæmis í Evrópu. Eitt af vondu dæmunum er Borneó þar sem stórir hlutar eyjunnar hafa verið hreinsaðir af frumskógi og olíupálmum plantað í staðin, hvers olía er meðal annars notuð sem bíódísill. Það að taka einhvern hluta virðist aldrei duga. Það þarf að taka helst meira og meira þar til ekkert er eftir. Dæmin eru endalaus og yfirleitt í eina átt.

Þegar ég var að ungur var lífrænn úrgangur (skítur húsdýra) ekki vandamál heldur guðs gjöf. Honum var skilað aftur til náttúrunnar í flestum löndum heims, þannig að eðlilegt jafnvægi myndaðist. Í dag, eftir að búin stækkuðu og urðu að verksmiðjum, hefur þróunin orðið sú að fóðrið er flutt um langan veg og lífrænn úrgangur er víða orðin svo mikill á litlum svæðum að fyrirtækin vilja helst koma honum í ár og vötn vegna þess að það kostar minna, enda fóður oft flutt yfir hálfan hnöttinn. Flestir bændur á Íslandi nota úrganginn til áburðar og það dettur varla nokkrum í hug (nema þá þeim allra stærstu kjúklinga- og svínabúum) að leiða ána í haughúsið og hreinsa þannig út úr þeim.

Það kemur mjög vel fram í bókinni „The true cost of cheap meat“ að eftirlit opinbera aðilla með stórum framleiðendum þróast oft í þá átt að eftirlitið byrjar oftast en ekki að makka með og verja framleiðsluhætti sem alls ekki eru boðlegir.

Það var ekki mikil umferð í Reykjavík fyrir 60 árum, en núna snýst hringekjan ekki hægar þar en í öðrum borgum.

En erum við hér á landi eitthvað betri þegar kemur að því að vernda náttúruna eða náttúruperlur? Því miður eru alltaf að koma nýjar og enn nýjar áætlanir um að virkja og nýta náttúruna sama hvað. Meira en 95% af mýrum á Suðurlandi voru þurrkaðar. Helst ekkert má vera í friði. Reykjanesið átti og á enn að gjörnýta. Það virðist varla til sú spræna sem ekki á að virkja, ef ekki á morgun þá fljótlega. Laxeldi skal vera sem stærst og sem víðast. Það nýjasta sem ég hef heyrt er að Orkumálastjóri telur mjög vanhugsað að friðlýsa hálendið enda eru þar margir kostir til að virkja. Það er því ljóst að opinberar stofnanir, hér eins og víða annarstaðar, ganga oft á undan í að herja á náttúruauðlindir. Það verða einhverjir að standa með náttúrunni, annars gæti Ísland orðið verra dæmi en Borneó.

Til upplýsingar um aðstæður í Núpsmýri.

Núpsmýrin, þar sem fiskeldisstöð Samherja stendur, er að stórum hluta í eigu Daðastaða og hafa aldrei verið gert samkomuleg við landareigendur Daðastaða um vatnsréttindi og aðgang að vatni. Stöðin stendur í landi Núps sem eiga hinn hlutann af mýrinni og er stöðin með leigusamning við ábúendur á Núpi. Stöðin stendur hins vegar þétt upp við landamerkin milli Núps og Daðastaða svo ómögulegt er annað en að starfsemi fyrirtækisins valdi áhrifum á landi Daðastaða. Frá því að fyrirtækið hóf dælingu á vatni úr borholum á mýrinni höfum við séð áberandi minnkun á vatni í landi okkar. Rennandi vatn er ekkert lengur í mýrinni, augu sem bullaði upp úr hér á árum áður hafa verið skraufþurr í áravís og í sumar þornaði Stórilækur endanlega. Tjarnir eru allar orðnar þurrar nema að smá vatn safnast í þær í kjölfar mikillar úrkomu. Mýrin sem áður var foráttublaut ber ekki lengur nafn með réttu, alls staðar er hægt að ganga um hana þurrum fótum á strigaskóm.

Við, ábúendur á Daðastöðum, höfum margsinnis í gegnum árin reynt að benda ráðamönnum og stofnunum á það umhverfisslys sem er í gangi. Við höfum tekið málið upp við forsvarsmenn Silfurstjörnunnar og síðar Íslandsbleikju en ávallt talað fyrir daufum eyrum. Þegar við sjáum svo að fyrirhugað er að fara út í jafn gríðarlega mikla stækkun og allt að þreföldun á framleiðslu frá því sem er í dag er ekki annað hægt en að reyna að sporna við fótum.

Kæruliðir vegna starfsleyfis fyrir laxeldi í Öxarfirði.

Það skal tekið fram að að eins og áður segir höfum við bent á þessi atriði áður en því miður hefur eftirlitið, að því er virðist, ekki virt þau viðlits. Hér eru viðbrögð eftirlitsins nákvæmlega eins og segir í bókinni „The true cost of cheap meat“ að þó augljóst megi vera að starfsemin sé að valda mikilli röskun á umhverfi þá sé sjálfsagt að stækka.

1. Vatni úr sveltikerjum hefur verið og er hleypt út í Núpsvatnið. Þetta vatn er sagt hreint þó það sé bæði salt og fúlt. Eina sýnilega ástæðan fyrir þessari dælingu virðist vera að minna beri á áhrifum dælingarinnar á vatnsborðið. Eftirlitið virðist ekkert gera, kannar ekki einu sinni vatnið. Þessi hleypling á vatni í Núpsvatnið lítur í okkar augum þannig út að eftirlitið makki með.
2. Samkvæmt fyrra starfsleyfi átti að hreinsa affall verksmiðjunnar með settjörnum. Þessar settjarnir hafa ekki verið hreinsaðar í meira en áratug (og sennilega aldrei almennilega) og eftirlitið gerir ekkert. Hreinsunin er þannig engin vegna þess að verksmiðjan vill hafa það þannig. Það þýðir lítið að segja að nú eigi að gera eitthvað þegar verksmiðjan virðist ekki hafa áhuga á hreinsun og eftirlitið kemur þeim upp með það. Það hefði verið byrjunin að verksmiðjan næði tókum á þeim rekstri sem þarna er áður en ráðist er í stækkun.
3. Það affall sem kemur frá verksmiðjunni er lítið hlutfall miðað við vatnsmagn árinna sem sleppt er í á sumrin þegar mikið er í ánni en á veturna er það verulegt hlutfall og verður enn frekar óásættanlegt ef það eykst um helming. Ég hef ekki séð að eftirlitið hafi þessi hlutföll á hreinu.
4. Máfagerið sem svífur yfir affallinu er skelfilegt og svo mikið og þétt þegar mest er að það truflar umferð. Núna, þegar eina vatnið þar sem áður var mýri er staðið vatn í pollum sem minnka og hverfa á þurrviðrisköflum að sumrinu, er veruleg hætt á að salmonella eða og listería komist í pollana frá máfunum. Hefur eftirlitið til dæmis kannað hvort þessar bakteríur finnast í máfum fiskeldisins?
5. Það er samt alvarlegast við rekstur fiskeldisins er sú þornun sem orðið hefur á svæðinu. Þarna var mýri með ótal uppsprettum stórum og litlum læk. Það er síðan borað niður í sandinn sem er undir mýrinni og niður í grófa möl. Borholurnar stóðu fullar og vel það áður en dælt var. Þegar byrjað var að dæla varð niðurdráttur í holunum og eðlilega varð líka niðurdráttur í vatnsborði mýrarinnar. Vatnsauga sem mikið vatn bullað upp úr þornaði. Það eru núna margir metrar niður á grunnvatnið. Það er

eins og enginn opinber aðili vilji vita af þessu en ræði frekar um blessaðar mýrarnar, gagnsemi þeirra og fegurð, við hvert tækifæri sem gefst. Mér ofbauð hversu langt var gengið í að þurrka mýrar á Suðurlandi og var ákveðinn í að Daðastaðamýrin yrði ekki þurrkuð á minni vakt. Álit sem kom frá Orkustofnun var og er þannig að dælingin hafi ekki áhrif. Skýringin sem þeir gefa er með þeim endemum að það gerir ráð fyrir því að vatn renni hér upp á móti. Við höfum ítrekað reynt að fá aðstoð til að láta hlutlausu aðila kanna dælinguna og áhrif hennar en Ráðuneyti og eftirlitsaðilar virðast ekki vilja kanna málið. Að okkar mati var það óeðlileg framkvæmd á sínum tíma að sama stofnun og leggur til staðsetningu og reikni út hversu mikið vatnsmagn sé að hafa skuli svo vera fengin til að gefa álit þegar við kvörtum yfir minnkuðu vatnsmagni í mýrinni. Nú er svo komið að á svæði sem er og var okkar besta beitarland, þar sem vatn var allstaðar, að þá er ekki lengur af í boði ferskt drykkjarvatn fyrir búfánaðinn sem þarna á heima. Þá er ótalið hvaða áhrif hafa orðið á fuglalíf í mýrinni.

6. Það sorglega er að vitanlega er hægt að reka fiskeldi á landi þannig að sómi sé af. Með því að taka sjó og nota hann, hreinsa mest af úrganginum og nýta til áburðar og sleppa svo restinni aftur í sjóinn. Eða þá að hafa lokuð kerfi sem nota vatnið aftur og aftur, en þannig kerfi eru til. Það er furðulegt að í öllum umsögnum sem eftirlitsaðilar gera við fyrirhugaða stækkun er lítið sem ekkert komið inn á stærsta umhverfisþáttinn en það er vatnsmagnið sem dælt er upp úr mýrinni.

Við erum miður okkar yfir því hvernig búið er að eyðileggja þennan gimstein sem mýrin okkar var. Það getur enginn neitað því að vatnsyfirborðið í mýrinni hefur lækkað síðustu tvo til þrjá áratugi. Menn geta svo deilt um það hver orsökkin fyrir því er. Að okkar mati er augljóst orsakasamhengi fyrir því að vatnsborðið tekur að lækka upp úr því að Silfurstjarnan tekur til starfa.

Við krefjumst þess að ferli við leyfisveitingu til stækkunar Íslandsbleikju verði stöðvað og mat á umhverfisáhrifum verði tekið upp aftur. Jafnframt krefjumst við þess að gerð verði umfangsmikil úttekt á samspili vatns og dælingar af óháðum sérfræðingum. Að lokinni þeirri úttekt verði starfsleyfi Íslandsbleikju tekið til endurskoðunar, fyrirtækinu gert að hreinsa og endurnýta vatn og gæta þess að dæling verði ekki meiri en svo að hún raski ekki fyrra vatnsjafnvægi mýrarinnar. Ef niðurstaðan leiðir til þess að hafa hamlandi áhrif á stækkun fyrirtækisins þá verður svo að vera.

Í lokin eru svo nokkrar myndir sem sýna ástandið í mýrinni, þær segja meira en mörg orð.

Virðingarfyllst,
Gunnar Einarsson
Daðastöðum
671 Kópasker

Hér að neðan eru nokkrar myndir til frekari útskýringa. Annars vegar er um að ræða skjáskot úr myndbandi sem tekið var sumarið 2011. Hins vegar er um að ræða myndir teknar snemmsumars 2018.



Myndin hér að ofan sýnir uppbornaðan farveg Stóralækjar



Myndin fyrir ofan sýnir að fyrir sjö árum var enn vatn í neðsta hluta Stóralækjar



Þessir lækir sem runnu í Stóralæk þornuðu upp skömmu eftir að Silfurstjarnan hóf starfsemi...



... og eru skraufþurrir enn í dag



Árið 2011 var enn þó nokkuð vatn í Skjónutjörn. Þó hafði það lækkað það mikið að girða varð girðinguna meðfram veginum upp á nýtt.



Skjónutjörninn í dag.



Skjónutjörn séð frá veginum



Við Skjónutjörn. Eins og sjá má á neðstu tveimur strengjum girðingarinnar, þá voru þeir oftast á kafi í vatni.



Hryggðarmynd Stóralækjar séð frá veginum.



Litlilækur og tjörnin sem hann rann um hafa verið skraufburr í alllangan tíma.



Á þessari mynd sést afrennsli frá sláturkerjunum greinilega í efra, hægra horni myndarinnar. Þarna er strax sjáanlegt að yfirborð vatnsins fer lækandi.



Þessi mynd er tekin frá svipuðu sjónarhorni og myndin til vinstri. Greinilega má sjá á nesjunum hvernig vatnsborð Núpsvatnsins hefur lækkað á síðustu sjö árum.



Þessi mynd er tekin austan Núpsvatnsins rétt norðan landamerkjja Daðastaða og Núps. Þarna sést vel hversu mikið vatnsborðið hefur lækkað.



Myndin hér að ofan er líka tekin austan Núpsvatnsins. Þarna sést endinn á landamerkjagirðingunni milli Núps og Daðastaða sem áður stóð út í vatnið.



Sveltingstjörninn var orðin döpur 2011.



Ekki er ástandið skárri í dag.



Á þessari víðmynd sést glögggt fyrrum vatnsbakki Sveltingstjarnar. Hún hefur smátt og smátt verið að hverfa með tilheyrandi áhrifum á fuglalíf. Ætli það séu ekki um tuttugu ár síðan vaða þurfti eftir lambi sem hafði fest í krapa úti í vatninu og náði það þá 180 cm háum manni upp undir klof.



Að lokum er hér gömul mynd, líklegast um 40 ára, tekin við Sveltingstjörn.